
15/10/2019

Til Bæjarráðs Fjarðabyggðar

Tæknidagur fjölskyldunnar er haldinn árlega í Verkmenntaskóla Austurlands og verður blásið til leiks í áttunda sinn laugardaginn 3. október 2020. Dagskráin fer fram í húsnæði skólans en einnig hefur íþróttahúsið í Neskaupstað verið nýtt til þess að rúma dagskrána.

Tæknidagurinn er svo sannarlega kominn til að vera, vaxa og dafna en gestum fjölgar með hverju ári. Hann er orðinn viðburður sem þátttakendur sem og gestir hlakka til að sækja. Sannkallaður fjölskyldudagur. Mikið er um að vera sem höfðar til barna og eru mörg hver ekki tilbúin til að fara heim í dagslok. Vonandi verður afraksturinn sá að við sjáum þessa ungu gesti skila sér vel inn í verk-, tækni- og vísindanám í framtíðinni. Eitt af markmiðum Tæknidagsins er að sá þeim fræjum hjá börnum, strax á leikskólaaldri, að vísindi, tækni og verkmenntir séu skemmtileg og spennandi viðfangsefni og með því áhugi þeirra vonandi efldur á að hasla sér völl á þessu sviði.

Dagurinn er kostnaðarsamur og því er víða leitað styrkja fyrir framkvæmdinni. Nú viljum við fara þess á leit við bæjarráð Fjarðarbyggðar að sveitarfélagið styrki Tæknidaginn með því að veita okkur gjaldfrí afnot af íþróttahúsinu í Neskaupstað fyrir dagskrána með innifalinni ræstingu í lok dags.

Fyrir hönd stýrihóps Tæknidags fjölskyldunnar,

Birgir Jónsson,
Verkefnisstjóri Tæknidags fjölskyldunnar